

Retrierverdeild HRFÍ



Skýrsla stjórnar 2024

Lögð fram á ársfundi deildarinnar 20. febrúar 2025
á Melabraut 17



Stjórn og nefndir

Ræktunarstjórn

Sunna Birna Helgadóttir (formaður)
Kjartan Lorange (ritari)
Margrét Pétursdóttir
Sólrún Dröfn Helgadóttir (gjaldkeri)
Dagný Hinriksdóttir

Vinnu- og Veiðinefnd

Jóhann Ingi Jónsson
Kristján Smáráson
Víðir Lárusson
Dagný Hinriksdóttir
Finnbogi Llorens
Gísli Már Árnason
Gunnar Örn Arnarson
Sigurður B Sigurðsson

Sýninganefnd

Óli Þór Árnason (formaður)
Sólrún Dröfn Helgadóttir
Sunna Birna Helgadóttir
Unnur Olga Ingvarsdóttir
Thelma Dögg Freysdóttir
Eva Björg Bragadóttir
Svava Guðjónsdóttir
Alda Gyða Úlfarsdóttir

Skemmti- og göngunefnd

Var ekki virk.

Básanefnd

Óli Þór Árnason

Vefsíðunefnd

Olgeir Gestsson (formaður)
Sólrún Dröfn Helgadóttir
Andrés Ævar Grétarsson

Heilbrigðisnefnd

Sesselja Sigurðardóttir (formaður)
Erla Heiðrún Benediktsdóttir
Sigrún Guðlaugardóttir

Deildin

Retrieverdeildin er hópdeild innan HRFÍ sem fer með málefni Retrieverhunda í tegundahópi 8. Í febrúar 2025 voru skráðir 4727 (+315 frá í fyrra) hundar á lífi af 5 tegundum í gagnagrunni deildarinnar;

- 41 Nova Scotia Duck Tolling Retriever (+1)
- 65 Flat-coated Retriever (+2)
- 691 Golden Retriever (+76)
- 3660 Labrador Retriever (+236)
- 1 Chesapeake Bay Retriever

Allir retriever eigendur sem greiða félagsgjöld til HRFÍ teljast virkir félagsmenn.

Starfsemi

Á síðasta starfsári hélt deildin 10 veiðipróf sem er 2 próf færri en frá árinu 2023 og voru skráningar í heildina 122 sem gerir 12,2 hundar að meðaltali í prófi, það er 20% fækkun á milli ára í skráningum. Nýliðun var með mesta móti, 18 hundar bæst við af samtals 38 hundum sem er 47% og hærra en við höfum séð síðan 2017 en þá voru nýir hundar 20 eða 53 % af heildar þátttakendum. Ef horft er til nýliðunar í sportinu, þ.e. ekki verið með hund áður er það í sögulegu hámarki eða 13 einstaklingar sem gerir 34 % af þátttakendum.

Góð þátttaka var í OFL eða 12 hundar og 49 skráningar sem gerir 40,5 % af skráningum ársins og er með hæsta móti sem við höfum séð.

Í ÚFL- B tóku 5 hundar þátt í prófum sumarsins.

2 erlendir dómaraar dæmdu 4 próf. Öll próf voru vel sótt.

Breyta þurfti staðsetningum einhverra prófa í sumar vegna vatnsskorts sem hafði áhrif á gæði þeirra svæða sem notast átti við.

Deildin stóð fyrir tveimur sýningum þar sem 188 hundar voru skráðir til leiks. Deildarsýning í maí og jólasýning í desember, þær heppnuðust báðar vonum fram. Sýningarþjálfanir voru á sínum stað fyrir sýningar og voru 19 talsins á síðasta ári.

Ræktunarráð

Mjög fáar þörunarbeiðnir berast orðið en alltaf nokkrar beiðnir um aðstoð við að uppfylla heilsufarskröfur sem er alltaf svarað.

Got á árinu


Skráðir hvolpar í ættbók hjá HRFÍ árið 2024 voru:

345 Labrador hvolpar úr 51 gotum, sem eru 86 hvolpum og 7 gotum fleiri en árið 2023.

96 Golden hvolpar úr 14 gotum, en það eru 23 hvolpum og 1 goti fleiri en árinu áður.

8 Flat-coated hvolpar úr 1 goti sem er sami fjöldi gota og í fyrra en 2 hvolpum færri..

Einn Toller var fluttur inn á árinu 2024.



Mynd 1. Fæðingarár ættbókskráðra Labrador, Golden, Flat-coated og Toller Retriever frá upphafi

Innflutningur

Fluttur voru inn 3 Labrador Retriever, 8 Golden Retriever, 2 Flat-Coated Retriever, 1 Nova Scotia Duck Tolling Retriever og 1 Chesapeake Bay Retriever árið 2024.

Veiðinefnd

Veiðinefnd hélt nokkra fundi, það urðu nokkrar mannabreytingar í nefndinni. Skipulagðir voru 11 viðburðir árið 2024, 10 veiðipróf voru haldin en fyrsta prófið féll niður vegna framkvæmda á prófsvæðinu og dræmrar þátttöku. Þátttaka í þeim prófum sem voru haldin var með besta móti og nýliðun með mesta móti. Að lokum lagði nefndin fram dagskrá veiðiprófa fyrir árið 2025 fyrir stjórn.

Mjaðma- og olnbogamyndir

Þrjár tegundir voru mjaðma- og olnboga myndaðar á árinu, labrador, golden og flat coated retriever. Niðurstöður myndanna má lesa í töflu 1 hér að neðan en þessar niðurstöður þarf líkt og áður að taka með þeim fyrirvara að það er ábyrgð eigenda myndaðra hunda að skila niðurstöðum inn til skrifstofu HRFÍ sem síðan skilar niðurstöðunum inn til deildarinnar.

Mjaðma- og olnbogamyndir 2024											
	Niðurstöður mjaðmamýnda (HD)					Samtals	Niðurstöður olnbogamynda (ED)				
	Fríir	C	D	E	Fríir		C	D	E	Samtals	
Labrador	33	4	0	0	37	35	2	0	0	37	
Golden	8	2	0	0	10	7	4	0	0	11	
Toller	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Flat-coted	1	0	0	0	1	1	0	0	0	1	

Tafla 1. Niðurstöður myndataka 2024

Augnskoðanir

Þrjár augnskoðanir voru framkvæmdar á vegum HRFÍ á árinu og má sjá allar niðurstöður úr þeim á töflu 2. 138 hundar voru augnskoðaðir 2024 sem er 9 færri en árið áður. Breytingingarnar sem urðu við það að deildir sækja sjálfar niðurstöður úr hundavef og setji inn í grunn deildarinnar hefur að vissu leyti einfaldað starfið og skilað niðurstöðum fljótar.

Augnskoðanir 2024								
	Fríir	Fríir m. Athugas	Cataract	Distichiasis	Retinal displasi	Annað	Dystrophi	Samtals
Labrador	74	2	8	4	6	9	3	106
Golden	23	1	1	2	0	2	2	31
Flat Coated	0	0	0	0	0	0	0	0
Nova Scotia Duck Toller	1	0	0	0	0	0	0	1
Samtals	98	3	9	6	6	11	5	138

Tafla 2. niðurstöður úr augnskoðunum 2024

Heilbrigðisnefnd

Einn formlegur fundur var haldinn hjá heilbrigðisnefndinni á árinu. Hann fór fram í Mosfellsbæ í febrúar. Á fundinum voru Erla Heiðrún Benediksdóttir og Sesselja Guðrún Sigurðardóttir.

Á fundinum var tekin ákvörðun um að halda DNA dag fyrir deildina þar sem boðið er upp á sýnatökur fyrir hundana í samstarfi við Labogen í Þýskalandi og Silju Unnarsdóttur dýralækni.

Undirbúningur tók daggóðan tíma og voru fjölmargir óformlegir nefndarfundir haldnir á milli landshluta með nútíma tækni. Nefndin renndi síðan nokkuð blint í sjóinn með fyrsta DNA sýnatökudag deildarinnar þann 25. janúar síðastliðinn. Labogen sendi 51 sýnatökupinna og skráning fór fram í gegnum Facebooksíðu deildarinnar. Skráningar fóru fram úr björtustu vonum en 22 labradorar og 14

goldenar voru skráðir, þar af voru 2 labradorar á Norðurlandi. Þar sem enn voru eftir 14 pinnar var tekin ákvörðun um bjóða eigendum 14 schäfer hunda að nýta þá sem þeir og þáðu.

Nefndin rukkaði 2.000 kr skráningargjald fyrir hvern hund sem vonast var til að dygði fyrir leigu á sal HRFÍ, launum dýralæknis, sendingarkostnaði ásamt útlögðum kostnaði vegna kaupa á umslögum, spritti, hönskum o.fl. Með því að lækka þau laun sem nefndin hefði viljað greiða dýralækninum kom nefndin út á núlli.

Nefndin hyggst halda annan DNA dag fyrir deildina í maí. Ætlunin er þá að taka sýni úr 100 hundum. Hundar deildarinnar verða í forgangi í skráningu en þegar lokað hefur verið fyrir skráningu þeirra verður öðrum deildum boðið að skrá sína hunda til að fullnýta þá sýnatökupinna sem verða í boði.

Nefndin vinnur sem fyrr að því að taka saman upplýsingar um erfðasjúkdóma og setja á heimsíðu deildarinnar. Á næstu dögum ætti annars vegar Ichthyosis í golden og hins vegar Copper toxicosis í labrador að detta inn á heimasíðuna.

Sýningarnefnd


Á árinu 2024 stóð nefndin fyrir tveimur tvöföldum sýningabjálfunum fyrir flest allar sýningar ársins og voru þær nánast alltaf mjög vel sóttar. Allar þjálfanir sem voru haldnar inni voru í sal HRFÍ og var hámarkið 12 hundar í hvern tíma. Það náðist ekki alltaf að fylla alla tíma með retrieverhundum en þá var tekið upp á það ráð að opna fyrir aðrar tegundir sem varð til þess að það var nánast alltaf fullt í alla tíma. Einn fundur var haldinn og góð stemning er í nefndinni.

Sýningar

10 sýningar voru haldnar á árinu, 6 á vegum HRFÍ, 2 hvolpasýningar og svo hélt deildin 2 deildarsýningar, í maí á Víðistaðatúni í Hafnarfirði þar sem rúmlega 100 hundar mættu og svo Jólasýningin 29 desember í sal HRFÍ þar sem voru 100 skráningar. Báðir viðburðir tókust mjög vel og fylltist á Jólasýninguna löngu áður en lokafrestur rann út. Petmark gaf vegleg verðlaun á deildarsýningunum og deildin sjálf gaf rósettur. Á árinu hóf HRFÍ að gefa BOS rósettur þannig að deildin ákvað að gefa BOB og BOS fyrir hvolpa í staðinn til þess að auka áhuga nýrra sýnenda á að mæta. Mikill áhugi er innan deildarinnar á því að mæta á sýningar og virðist það bara alltaf aukast milli ára.

ÁR	HV.4-6	HV.6-9	ULFL	UHFL	OFL	VFL	MFL	ÖFL	SAMTALS
2005 (4 SÝN)	18	15	40	31	39	0	6	6	155
2006 (3 SÝN)	9	12	51	53	62	0	2	5	194
2007 (4 SÝN)*	21	23	22	59	108	0	0	4	237
2008 (4 SÝN)	8	24	52	23	98	10	1	0	216
2009 (5 SÝN)*	19	14	87	52	138	2	11	2	325
2010 (5 SÝN)*	29	41	83	39	149	10	15	5	371
2011 (5 SÝN)*	22	36	55	65	148	4	13	5	348
2012 (4 SÝN)	33	43	68	46	111	1	22	4	328
2013 (5 SÝN)*	32	27	78	67	143	20	34	4	405
2014 (6 SÝN)*	32	23	69	45	155	28	56	13	421
2015 (8 SÝN)*	24	42	61	67	141	25	62	16	438
2016 (6 SÝN)*	56	22	99	47	121	7	54	21	427
2017 (6 SÝN)*	53	46	136	48	168	10	51	19	531
2018 (7 SÝN)*	55	43	100	82	154	12	42	34	522
2019 (7 SÝN)*	44	53	122	43	214	7	38	29	550
2020 (1 SÝN)	10	23	21	12	27	0	12	7	112
2021 (4 SÝN)*	53	51	95	55	112	19	23	25	433
2022 (7 SÝN)**	64	105	197	112	241	7	47	39	812
2023 (9 SÝN)**	81	82	197	96	194	7	59	25	741
2024 (10 SÝN)**	116	95	168	74	202	4	81	29	769

Tafla 3. Þátttaka retrieverhunda í sýningum árin 2005-2024, skipt eftir flokkum. * = deildarsýning.



Mynd 2. Pátttaka retrieverhunda í veiðiþrófum og sýningum frá 1995 – 2024

Veiðiþróf

10 veiðiþróf voru haldin á vegum deildarinnar á starfsárinu og 121 luku prófi. Tveir erlendir dómarmar dæmdu fyrir okkur á árinu 2024, Ragnhild Hamelbo frá Noregi dæmdi tvö próf við Berjahlöpp í Eyjafirði. Lars Nordenhof sem kom frá Danmörku dæmdi síðan tvö próf við Villingavatn og Hringatjarnir. Petmark gaf vinninga og verðlaun á prófum ársins og viljum við þakka þeim fyrir. Íslenskir dómarmar stóðu vaktina ýmist sem dómarmar eða fulltrúar á prófum ársins sem fyrr. Við þökkum Sigurði Magnússyni, Margréti Pétursdóttur, Sigurmoni Marvin Hreinssyni, Kjartani Lorange, Þórhalli Atlasyni. Sigurmon dæmdi sitt síðasta próf á árinu og viljum við þakka honum sérstaklega fyrir hans störf í gegnum árin, Takk Simmi !!! Einnig ber að þakka öllu því duglega fólki sem hefur komið að störfum við framkvæmdir veiðiþróf. Þetta er óeigingjarnt starf, oft á tíðum við afar erfiðar aðstæður, takk fyrir ykkar framlag til starfsins.

Frá upphafi veiðiþrófa árið 1995 hafa 259 próf verið haldin og alls 2.980 þátttökur. 13 stjórnendur og 18 Labrador hundar þreyttu sitt fyrsta próf á árinu. Níu íslenskir dómarmar hafa dæmt alls 174 próf frá upphafi en 32 erlendir dómarmar hafa dæmt 85 próf.

Meistarar

Eftir að hundavefur var tekinn í gagnið er orðið erfitt að fylgjast með nýjum meisturum þar sem ekki koma lengur upplýsingar frá skrifstofu til deildarinnar þess efnis. Ekki virðist hægt að sækja það úr hundavef eins og er en gera má ráð fyrir að margir hundar innan deildarinnar hafi hlotið meistaranaufbót af einhverju tagi á árinu 2024.

Stigahæstu hundar 2024

Reiknuð voru stig fyrir frammistöðu hunda á veiðiþrófum ársins og voru stigahæstu hundar:

1. BFLW-23 OFLW-24 Drakeshead Fisk Of Leacaz með 47 stig
2. Heiðarbóls Max með 42 stig
3. BFLW-23 OFLW-24 Coolwater's Ljósavíkur Cono með 41 stig

Reiknuð voru stig fyrir frammistöðu hunda á sýningum ársins og voru stigahæstu hundar:

Labrador

LTJCH ISW23 RW24 ISSHCH Big Ben Ambadorius 104 stig
Ungliði – Kría 17 stig
Öldungur – C.I.E. RW-19 ISShCh ISVetCh Hrisnes Skuggi 43 stig

Golden

ISJCh ISShCh NORDICCh Golden Magnificent Fine Line 103 stig
Ungliði – ISJCh The Alchemist De Ria Vela 33 stig

Flat Coated Retriever

ISJCh ISShCh NORDICCh Norðan heiða Vök 87 stig

Nova Scotia Duck Tolling Retriever

ISShCh ISJCh RW-19-22 Heimsenda Öngull 77 stig
Ungliði – Coedhelyg Silvr Ho Ney 7 stig
Öldungur – ISCh NLW-15 RW-15-16-19-21 USCh Avatar's Best Kept Secret of Pikkinokka 7 stig

Deildarsýningar 2024

Á árinu 2024 voru haldnar 2 deildarsýningar eins og skapast hefur hefð fyrir. Sú fyrri var þann 18. maí og hin seinni 28. desember. Sú fyrri var haldin úti á Víðistaðatúni en Jólasýningin í sal HRFÍ. Lene Grönholm sá um veitingasölu á Jólasýningunni og skapaði það góða stemningu að hafa vöflur og kakó og fleira til að gæða sér á.

Á sýningunni í maí komu hinn hollenski Hans Stigt og hin írski Catherine Collins. Fuglahundadeild fékk Catherine til að dæma sýningu fyrir grúbbu 7 tegundir sem var haldin daginn eftir okkar sýningu og kom það vel út fyrir báðar deildir, bæði fjárhagslega og vinnulega. Líklegt þykir að þetta verði endurtekið.

Jólasýningin var mjög vel heppnuð og virðist það þáttur í dagskránni sem er kominn til að vera. Að þessu sinni kom dómari frá Wales að nafni Richard Stafford sem hefur gríðarlega reynslu af dómaraströfum og einnig ræktun. Mikil ánægja var með hann og var hann einnig mjög ánægður með sýninguna og ferð sína til Íslands.

Petmark lánaði búnað og gaf vegleg verðlaun á báðar sýningarnar og erum við afar þakklát fyrir það.

Heimasíða

Heimasíðan deildarinnar er sem fyrr mikilvæg í starfinu og ómetanleg fyrir okkur sem höfum áhuga á að skoða árangur og framgang tegunda innan retriever grúppunnar. Olgeir Gestsson ber hita og þunga af henni sem fyrr og hefur nú gert í 26 ár. Með honum er einnig vefsíðunefnd sem sér meðal annars um að koma inn úrslitum sýninga.

Nú er komið að því að það þurfi meira en að lappa upp á heimasíðuna og grunninn og mun ný stjórn taka ákvörðun og afdrif síðunnar.

Ekki má gleyma facebook síðunni okkar og hvolpasíðu sem eru báðar mjög virkar.

Heimasíðunefnd og stjórnarmeðlimir hafa kappkostað að koma niðurstöðum prófa og sýninga sem fyrst inn á síðuna. Stjórn þakkar Olgeiri Gestssyni vefstjóra sérstaklega fyrir förnfúst starf og útsjónarsemi í að halda síðunni gangandi og bæta við hana því sem kemur upp hverju sinni.

Dagskrá 2025

Dagskrá 2025 og fjárhagsáætlun fyrir veiðipróf og vinnupróf var samþykkt af stjórn HRFÍ og var dagskráin birt í janúar á heimasíðu og facebook síðu deildarinnar.

Starfið 2025 verður með hefðbundnu sniði. Tvær helgar með tveimur prófum og tvær helgar sem verða dæmdar af erlendum dómurum. Búið er að bjóða Trine-Lise og Ragnhild Hammelbo að koma að dæma og hafa þær báðar samþykkt. Stefnt er að halda meistarakeppnina 2025 með svipuðum hætti og fyrr.

Tvær deildarsýningar verða á dagskrá eins og undanfarin 2 ár. Þær eru á dagskrá þann 24. maí og 28. desember. Sýningaþjálfanirnar verða á sínum stað og verða alltaf 2-3 fyrir hverja sýningu.



Dagskrá 2025

Veðiþróf

próf nr.	Dags	Skráning opnar	Staður	Dómari	Fulltrúi HRFÍ	Prófstjóri
202501	Lau. 26.04.2025	(02.04.2025, kl. 07.00)	Seltjörn	Kjartan I. Lorange	Sigurður B. Sigurðsson	Eliás Frimann Elvarsson
202502	Lau. 10.05.2025	(16.04.2025, kl. 07.00)	Sílatjörn	Sigurður Magnússon	Gunnar Örn Arnarson	Guðlaugur Guðmundsson
Deildarsýn	Sun 24.5.2025		Reykjanesbæ			
202503	Lau. 31.05.2025	(07.05.2025, kl. 07.00)	Villingavatn	Margrét Pétursdóttir	Gísli Már Arnason	Kristján Smáráson
202504	Lau. 14.06.2025	(21.05.2025, kl. 07.00)	Draugatjörn	Kjartan I. Lorange	Dagný Hinriksdóttir	Jóhann Ingi Jónsson
202505	Lau.28.06.2025	(04.06.2025, kl. 07.00)	Berjaklökk	Ragnhild Hamelbo	Kjartan I. Lorange	Sigurður B. Sigurðsson og Fanney Harðardóttir
202506	Sun.29.06.2025	(04.06.2025, kl. 07.00)	Berjaklökk	Ragnhild Hamelbo	Kjartan I. Lorange	Sigurður B. Sigurðsson og Fanney Harðardóttir
202507	Fim. 03.07.2025 kl 18:00	(11.06.2025, kl. 07.00)	Tjarnhólar BFL	Þórhallur Atlason / Sigurður Magnússon	Jóhann Ingi Jónsson	Dagný Hinriksdóttir
202508	Fim. 10.07.2025 kl 18:00	(18.06.2025, kl. 07.00)	Tjarnhólar OFL	Margrét Pétursdóttir	Gísli Már Arnason	Dagný Hinriksdóttir
202509	Fim. 17.07.2025 kl 18:00	(25.06.2025, kl. 07.00)	Tjarnhólar UFL	Þórhallur Atlason / Sigurður Magnússon	Kristján Smáráson	Dagný Hinriksdóttir
202510	Lau.26.07.2025	(02.07.2025, kl. 07.00)	Murneyrar	Thrine-Lise	Þórhallur Atlason	Finnbogi Lorange
202511	Sun. 27.07.2025	(02.07.2025, kl. 07.00)	Murneyrar	Thrine-Lise	Viðir Lár	Gunnar Örn Arnarson
202512	Lau.09.08.2025	(16.07.2025, kl. 07.00)	Eyjafjörður	Þórhallur Atlason	Fanney Harðardóttir	Sigurður B. Sigurðsson
202513	Lau.06.09.2025	(16.08.2025, kl. 07.00)	Hnúkatjörn	Kjartan I. Lorange	Gunnar Örn Arnarson	Þorsteinn Hafþórsson
820251	Lau.04.10.2025	(10.09.2025, kl. 07.00)	Meistarakeppni	Allir dómara		Veðinefnd

»EUKANUBA



Lokaorð

Starf deildarinnar var með hefðbundnum hætti árið 2024. Veðiþrófin voru á sínum stað og tvær deildarsýningar. Nánast fullt var á alla viðburði deildarinnar og eigendur retrieverhunda eru duglegir að taka þátt í því sem er í boði hjá vinnuhundadeild.

Nú þegar nýtt starfsár er að ganga í hönd þarf að hafa ýmsa hluti í huga eins og t.d. fuglaflensuna og hvaða áhrif hún getur haft á hundana okkar og gæta þarf yftrustu varfærni því ekki viljum við taka áhættuna á að hundarnir okkar veikist.

Töluverð aukning var hjá okkur í gotskráningum og er Retrierverdeildin langstærsta deildin innan HRFÍ. Nú er klárlega tækifærið til að auka nýliðun og fá fleiri í þetta skemmtilega starf sem deildin heldur úti og um að gera fyrir ræktendur að hvetja fólk til þess að vera með í því sem er í gangi. Einnig er alltaf tækifæri fyrir þá sem eru með hugmyndir að einhverju nýju og skemmtilegu að bjóða sig fram og taka þátt. Öll störf á vegum deildarinnar eru unnin í sjálfböðavinnu og allt sem er gert er til þess að hafa gaman af og auka samveru með hundunum okkar.

Að starfa innan deildarinnar er skemmtilegt og gefandi og fylgir því einnig skemmtilegur félagsskapur af fólki með sama áhugamál. Störfín eru mörg og það er klárlega pláss fyrir alla áhugasama í nefndum deildarinnar. Við hvetjum alla félagsmenn til að gefa kost á sér í nefndir til þess að við getum látið starfseminna blómstra áfram.

Styrktaraðilar starfsins 2024 voru Petmark og Bendir og þökkum við þeim kærlega fyrir. Án styrkja væri ekki hægt að halda úti eins glæsilegu starfi og deildin hefur gert undanfarin ár.

Að lokum óskum við öllum þeim sem hafa náð árangri með hundana sína á árinu til hamingju, bjóðum nýja meðlimi velkomna og vonumst eftir góðu samstarfi með deildarmeðlimum í starfi og leik í ár.

Reykjavík 20. febrúar 2025

Sunna Birna Helgadóttir
Formaður Retrierverdeildar HRFÍ

Retrieverdeild HRFÍ (kt. 610809-0490) Bankareikningar (0322-26-010809, 0370-22-060059)

Rekstrarreikningur 2024

	Gjöld	Tekjur
Styrkir		515.000 kr
Veiðipróf	- 921.587 kr	653.365 kr
Deildarsýning	- 471.177 kr	440.006 kr
Jólasýning	- 366.573 kr	332.136 kr
Sýningaþjálfun	- 65.239 kr	186.000 kr
Heiðrun og ársfundur	- 35.439 kr	
Vefsíða	- 129.686 kr	
Bráð	- 141.686 kr	
Sólheimakot	- 28.985 kr	
Annar kostnaður	- 46.203 kr	
Vextir og fjármagnstekjuskattur	- 29.328 kr	133.310 kr
Samtals	- 2.235.903 kr	2.259.817 kr

Skráningar 2024 á 10 veiðipróf voru 122 og 188 skráningar á tvær deildarsýningar.

Við lok rekstrarárs þann 31.12.2024 voru ógreiddir skyrkir að upphæð 515.000.- kr ásamt uppgjöri frá HRFÍ vegna jólasýningar að upphæð 286.769.- kr.

Óuppgerðar kröfur á deildina vegna jólasýningar voru samtals 144.989.- kr.

Við gerð ársreiknings hafa allar útistandandi kröfur verið greiddar og er félagið skuldlaust.

Rekstrarhagnaður deildarinnar árið 2024 er 23.914.- kr

Áramóta staða reikninga þann 31.12.2024 var kr 1.729.868.- kr (1.666.564 kr á bankabók 0370-22-060059, 63.304 kr á bankabók 0322-26-010809).

Hrein eign Retrieverdeildar HRFÍ í lok rekstrarárs var 2.410.562 kr.

Reykjavík, 17. febrúar 2024

Fyrir hönd stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ

Sólrún Dröfn Helgadóttir, Gjaldkeri